Grunnmynd - Undirstöður og spor

M 1:50



Almennar skýringar

Verkið felst í að setja upp veggi úr forsteypum einingum til að draga úr útbreiðslu hljóðs frá spennum við tengivirkið.

Veggirnir munu að hluta standa á núverandi spennaspori og að hluta á nýjum staðsteyptum sökklum.

Grundað verður á vel þjappaðri frostþolinni bögglabergsfyllingu.

Stálvirki til stuðnings forsteyptum einingum verður sett upp innan við forsteyptu veggina og tengt við núverandi mannvirki.

Sjá einnig teikningar annara hönnuða og kröfur í verklýsingu.

Hönnunarforsendur:

Mannvirkið er hannað í samræmi við Eurocode hönnunarstaðla, íslendk þjóðarskjöl og byggingarreglugerð.
Grunngildi álags:

Snjór:	Álagssvæði 1	1,0 kN/m²
Vindur:	Ze =8,5 m	1,9 kN/m² x Cp

Tákn á teikningum

10.00 Hæð byggingarhluta í sniði (m)

10.00 Hæð byggingarhluta í planmynd (m)

Snið: AA 01.01

Deili: AA 01.01 Texti M 1:20

0112101: nr. teikningar þar sem snið/deili er tekið
0013201: nr. teikningar þar sem snið/deili er sýnt

Hönnunarforsendur:

Steinsteypa í sökkla:
Steypa er C30/37:XF3-25 með a.m.k. 320 kg sement í m³.

Loftinnihald steypu	: 5-8 %
V/S-tala	: < 0.50
Sigmál steypu (S3)	: 100 - 150 mm
Mesta steinastærð	: 25 mm
Titra skal alla steypu.	

Steinsteypa í forsteyptar einingar og veggbúta:
Steypa er C35/45:XF3-25 með a.m.k. 340 kg sement í m³.

Loftinnihald steypu	: 5-8 %
V/S-tala	: < 0.45
Sigmál steypu (S3)	: 100 - 150 mm
Mesta steinastærð	: 25 mm
Titra skal alla steypu.	



Steypuhula á járnum skal vera a.m.k 35 mm

Steypustyrktarstál: Stálgæði: K - Kambstál fyk = 500 MPa
Beyging stáls
d= allir sverleikar

D = 5 x d



Öll horn

Skeyting bendistáls er samkvæmt
eftirfarandi:

Þvermál stáls, d í mm		10	12
Skeytilengd í mm	liggjandi	700	800
	standandi	500	600

Járnbending
Frágangur járnbendingar - almennt
Járn víxleggist skeytilengd (s) út fyrir horn.



Mál eru í mm nema annars sé getið.

Stálvirki
Efnisgæði
Allt stál, annað en boltar, snittteinar, skinnur og rær, skal a.m.k. uppfylla kröfur ÍST EN 10025 um stál í gæðaflokki S355JR, ef annars er ekki getið á teikningum eða í verklýsingu. Verktaki skal afhenda verkkaupa vottorð 3.1.B skv. ÍST EN 10204 um gæði stálsins. Stál sem á að *heitsinkhúða skal innihalda > 0,12% af kísil (Si).*

Stáliið skal vera óskemmt og standast a.m.k. kröfur ÍST EN ISO 8501-1 um ryðstig B. Það skal vera laust við skillög og aðra innri galla. Galla skal meta skv. BS 5996. Almennt skulu stálplötur og flatjárn uppfylla kröfur þess staðals um B3 og kantar við kverksuður E3.

Allar plötur sem verða fyrir áraun hornrétt á yfirborðið (through the thickness) skulu rannsakaðar með hljóðbylgjum og uppfylla kröfur staðalsins um B6.

Allir boltar, aðrir en múrboltar og limboltar, og snittteinar skulu vera í styrkflokki 8.8 skv. ÍST EN 20898-1, rær í styrkflokki 8 skv. ÍST EN 20898-2 og skífur í flokki 200HV skv. ÍST EN ISO 7089. Boltarnir, rærnar og skífurnar skulu heitsinkhúðuð með böðun skv. ÍST EN ISO 1461.

Múrboltar og límboltar skulu a.m.k. vera í styrkflokki 5.6 skv. ÍST EN 20898-1, rærnar í styrkflokki 5 skv. ÍST EN 20898-2 og skífurnar í flokki 100HV skv. ÍST EN ISO 7091. Snittteinar, múrboltar og límboltar, ásamt róm og skífum á þá, skulu heitsinkhúðaðir með a.m.k. 45 micron þykkri sinkhúð.

Skífur skulu vera undir öllum róm og undir þeim boltahausum sem er snúið til að herða boltana.
Tryggja skal að rær losni ekki með stöðluðum stoppróm.

Rafsuður
Öll rafsuðuvinna skal unnin af þeim, sem hafa gild hæfnisvottorð skv. ÍST EN 287-1 er ná yfir þær suðuaðferðir sem áformað er að nota.

Rafsuðuvinnu skal haga þannig að formbreytingar og innri spennur verði sem minnstar. Verktaki skal þess vegna fyrir fram útbúa suðuforskriftir (suðuferla) skv. ÍST EN 288-2 og afhenda verkkaupa.

Suðuefni skal uppfylla kröfur ÍST EN 2560 og ÍST EN 758 og skal valið þannig að styrkur þess og seigla eftir suðu verði a.m.k. jöfn styrk og seiglu grunnefnisins. Öll rafsuðuvinna skal uppfylla skilyrðin í ÍST EN 1011-1.
Suðutákn eru skv. ÍST EN 22553I.

Yfirborðsmeðhöndlun
Almennt
Allir kantar á plötum og endurn á stöngum og bitum, sem verða sýnilegir, skulu slípaðir þannig að ójöfnur verði minni en 0.5 mm frá sléttum fleti. Allar skarpar brúnir á fullunnu stálvirki skal auk þess slípa ávalar, þannig að 1 < R < 1.5 mm.

Sinkhúðað stál
Allt smíðastál skal eftir hreinsun heitsinkhúðað með böðun í samræmi við ÍST EN ISO 1461. Lagþykkt sinkhúðar skal vera 115 micron (800 gr/m2).

UPPSETNING OG NÁKVÆMNIKRÖFUR

Verktaki ber alla ábyrgð á útsetningum og mælingum á byggingarstað.
Hann skal áður en smíði stálvirkja og forsteyptra eininga hefst, sannreyna allar málsetningar, stærðir á einingum og stálvirki o.þ.h.

Nákvæmni í smíði og reisingu stálvirkisins skal hvergi vera utan leyfilegra frávika skv. gr. 11 í ÍST ENV 1090-2. Auk þess skal verktaki bæði við smíði og reisingu fylgja ákvæðum kafla 7 í ÍST EN 1993-1-1 "Eurocode 3" og stálvirkið fullnægja þeim nákvæmnikröfum, sem þar eru settar fram, því þær eru forsendur hönnunar virkisins.

Samþykkt þann
26 JAN 2016
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Sigurður Steinar Jónsson

BR.	DAGS.	BREYTINGAR	TEIKNAÐ	HANNAÐ
-	-	-	-	-
-	-	-	-	-
-	-	-	-	-
-	-	-	-	-
-	-	-	-	-

LANDSNET

TENGIVIRKI
HAMARSNES
HLJÓÐVEGGIR

VERKHLUTI

Grunnmynd fyrir breytingar
og nýjar undirstöður

VERKNÚMER: 2509-375	HÖNNUNARSTIG: Verkteikning
HANNAÐ/TEIKNAÐ: SHG BJP EDJ	YFIRFARIÐ: AF
BLAÐSTÆRÐ / MÆLIKVARÐI: A1 M. 1:50	DAGSETNING: Nóv 2015

SAMÞYKKT
Bjarni Jón Pálsson - 241163-5139
EFLA
HÖFÐABAKKI 9, 110 REYKJAVÍK, ÍSLAND
SÍMI: +354 412 6000
efla@efla.is

Í SAMRÆMI VIÐ AÐALSKIPULAG AÐALLIÐ

HÖNNUNARTEYMI

☐ ARKITEKTÚR OG LANDMÓTUN
VA ARKITEKTAR
BORGARTÚN 6, 105 REYKJAVÍK, ÍSLAND
SÍMI: +354 530 6990
vaarkitektar@vaarkitektar.is

■ VERKFRÆÐIHÖNNUN
EFLA
HÖFÐABAKKI 9, 110 REYKJAVÍK, ÍSLAND
SÍMI: +354 412 6000
efla@efla.is

FERLI	SÆTI	STAÐUR
LYK-1	LYKO	

TEIKNINGANÚMER	ÚTGÁFA	BLAÐ
XX_1_21_01	A	N BLAÐ